

um næstu 5 ár frá 1. jan. 1909 að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun **134**
5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrð- **12. nóv.**
um, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum,
að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að
forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverja eftirrit af ársreikningi hans í
fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu,
sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og
birtingar fyrir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um 135
endurgjald á hluta af barnsmeðlagi. 20. nóv.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir með brjefi, dagsettu 25. maí þ. á.,
skotið undir úrskurð stjórnarráðsins ágreiningi milli sin og yðar, herra sýslu-
maður, um endurgjald á hluta af meðlagi með barni Jóns Gunnlaugssonar og
Jakobínu Halldórsdóttur.

Barnsfadurinn, sem sveitfastur er í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna, en
dvelur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, hefir með úrskurði amtmanns Norður-
og Austuramtsins, dags. 28. febr. 1901, verið skyldaður til að greiða 36 kr. á ári
sem meðlag með barni sínu og nefndrar stúlku, en meðlag þetta hefir hann eigi
greitt og hefir barnsmóðirin því samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905
fengið meðlagið fyrir árið 1907 greitt hjá dvalarsveit sinni, Svarfáðardalshreppi,
en dvalarsveitin hefir aftur krafðið Seyðisfjarðarhrepp hinn forna um greinda árs-
meðgjöf 36 kr. Af þessari upphæð hefir síðastnefndur hreppur greitt $\frac{2}{3}$ eða 24
kr., en neitað að greiða $\frac{1}{3}$ eða 12 kr. með tilvísun til 63. gr. nefndra laga 10.
nóvbr. 1905.

Þessi undanfærsla Seyðisfjarðarhrepps hins forna virðist eigi vera á rök-
um bygð, því að dvalarsveit barnsmóður óðlast, með því að greiða barnsmeðlagið,
rjett barnsmóður til greiðslu alls meðlagsins. Tilvísunin til 63. gr. nefndra laga
er eigi rjett, því að sú grein ræðir um endurgjald frá dvalarsveit þurfalings, en
þurfalingur í þessu máli er eigi barnsmóðir heldur barnsfadur, og dvalarsveit hans,
Arnarneshreppur, hefir engan styrk lagt fram og auk þess virðast ástæðurnar
fyrir þessari grein benda á, að hún eigi alls eigi við styrk, sem er fastákveðinn
fyrirfram, og að því bresti heimild til að draga nefndan $\frac{1}{3}$ hluta frá barns-
meðlaginu.

Samkvæmt framangreindu úrskurðast:

Seyðisfjarðarhreppi hinum forna ber að greiða Svarfáðardalshreppi hinar
umþrættu 12 kr.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar
fyrir hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hins forna, að því viðbættu, að yður ber
að sjá um, að nefnd upphæð verði greidd Svarfáðardalshreppi án tafar.